



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 31. maí 2022

2205041SA KB
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur vegna umönnunar langveikra og fatlaðra barna, 591. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 18. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins um frumvarp til laga um greiðslur vegna umönnunar langveikra og fatlaðra barna, 591. mál.

Með frumvarpinu er verið að koma á fót nýju stuðningskerfi þar sem umönnunar- og foreldragreiðslur eru sameinaðar í eina löggjöf um fjárhagslegan stuðning ríkisins við fjölskyldur langveikra og fatlaðra barna og kallast þá umönnunargreiðslur og umönnunarstyrkur. Til viðbótar þeim koma kostnaðargreiðslur sem verða sérstakur greiðsluflokkur. Markmiðið er einnig að einfalda kerfið og gera það gagnsærra og skilvirkara m.a. með bættri upplýsingagjöf hjá Tryggingastofnun. Þá er með frumvarpinu lagður til aukinn sveigjanleiki umönnunaraðila hvað varðar nám og vinnu og tækifæri til þátttöku í samfélaginu.

Afstaða sambandsins

Hvað varðar hlutverk sveitarfélaga þá er það eftir sem áður að leggja mat á umönnunarþörf barns. Verði frumvarpið að lögum hyggst ráðuneytið fara í vinnu við að útbúa leiðbeiningar um samræmt mat sem gildi á landsvísu og telur sambandið það til bóta.

Að mati sambandsins eru þær breytingar sem frumvarpið boðar heilt yfir til bóta en vill þó koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

- Með frumvarpinu er gerð sú breyting að umönnunargreiðslur verði skattlagðar en svo er ekki samkvæmt gildandi kerfi. Í kafla 6.1. í greinargerð með frumvarpinu, um mat á áhrifum á fjárhag ríkis og sveitarfélaga, kemur fram að óvissa sé um skattalega meðferð greiðslna samkvæmt frumvarpinu vegna annarra tekna umönnunaraðila. Að mati sambandsins er þessi óvissa um áhrif á aðrar tekjur bagaleg. Hefur þessi breyting t.d. áhrif til lækkunar á tekjutengdum greiðslum sem umönnunaraðili nýtur frá öðrum greiðslukerfum s.s. vegna náms, örorku eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga? Þetta atriði mætti skýra betur.

- Í kafla 6.2. í frumvarpinu er fjallað um áhrif á önnur velferðarkerfi og er þar m.a. fjallað um samspil NPA-samninga og umönnunargreiðslna. Tekið er fram að ekki eigi að vera heimilt að fá umönnunargreiðslur vegna barns með NPA-samning vegna sömu umönnunar og samningurinn tekur til. Í þeim tilfellum þurfi að skoða hvort umönnunaraðili beri ábyrgð á umönnun vegna sérstakrar umönnunarþarfar barns sem er til staðar þrátt fyrir aðstoð sem veitt er samkvæmt NPA-samningi. Í því skyni er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun geti tekið tillit til þess við mat á sérstakri þörf barnsins fyrir umönnun hvort að barnið njóti jafnframt þjónustu NPA-kerfisins. Sambandið hefur ákveðnar áhyggjur af því að skilin á milli NPA-þjónustunnar og umönnunargreiðslan verði ekki nógu skýr og að tilhneigingin verði sú að fella fleiri þætti undir NPA-samninginn, sem greiddur er af sveitarfélögum, og þar með lækka umönnunargreiðslur, sem eru greiddar af ríkinu. Þar með verði tilfærsla á kostnaði frá ríki til sveitarfélaga sem ekki hefur verið lagt mat á, sem væri þvert á þá áherslu sveitarfélaga að auka þurfi aðkomu heilbrigðiskerfisins að fjármögnun NPA-þjónustu. Að mati sambandsins þarf því að gæta vel að þessu sjónarmiði þegar kemur að afgreiðslu Tryggingastofnunar á þörf fyrir umönnun.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri